

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða örorku að stríða.

Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi seld, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum skv. vísitölu enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum, verðtryggingu og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1985.

Hreppsnefnd sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í N-Múlasýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Skeggjastaðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða, um Bakkafjarðarkauptún.

Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húsa eigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út fyrir lóðamörk.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsi kaupsins varðar, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans, er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

5. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða torveldað rotnun í rotþróum. Á þeim stöðum, sem slík hættu er fyrir hendi skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það að þessi efni komist út í holræsakerfið og standi húseigandi straum af kostnaði við þá framkvæmd.

Þá er og óheimilt að leiða regnvatn, yfirborðsvatn eða grunnvatn í holræsakerfið.

Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni, sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

6. gr.

Kostnaður við holræsagerð kaupþúsins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða holræsagerðinni tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfið. Greiða skal í tengigjald kr. 70 pr. rúmmetra íbúðarhúsa og kr. 35 pr. rúmmetra annarra húsa, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu í janúar 1988 (107,4 stig). Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tenging við aðalræsið er leyfð. Þá skal og hver húseigandi, er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,3% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000 af húsi eða húshluta sem talið er sér í fasteignamati enda sé skolplögn frá viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfaraveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við lögum samkvæmt.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps í N-Múlasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.